


Starfshættir



3. bekkur

Í 3. bekk vinna tveir umsjónarkennara saman í teymi. Lestur og lesskilningur skipa mikilvægan sess í vinnu vetrarins og er margvísleg nálgun notuð.

Innlagnir eru bæði einstaklings og hópinnlagnir og oft eru settar upp hringekjur þar sem margvísleg verkefni eru í gangi.

Tölvuforrit eru töluvert notuð við kennslu og þjálfast nemendur í að sýna og kynna vinnu sína þar.

Innlagnir eru í stærðfræði og vinna nemendur verkefni sem miðast við getu hvers og eins. Auk þess standa

þeim til boða þrepaskipt verkefni svo að allir fái efni við hæfi.

Samfélagsfræðigreinar eru allar kenndar í mislögum þeimum. Samvinna er við list og verkgreinakennara í samfélagsfræði.

Mikil áhersla er á vaxandi hugarfar og nemendur þjálfadur markvisst í að beita því í allri vinnu. Sjálfstæði nemenda er eftt með lífsleikni og í gegnum leik.

Sérkennari vinnur með kennurum og kemur til aðstoðar þar sem við á.



Þemu í 3. bekk

- Fuglar
- Ísland áður fyrr
- Risaedlur
- Tré
- Trúarbrögðin okkar



4. bekkur

Í 4. bekk eru tveir umsjónarkennarar sem vinna saman í teymi. Stundatöflunni er skipt upp í þrjár lotur. Tvær fyrir hádegi og ein eftir hádegi.

Í íslensku er megináherslan lögð á lestur og bókmenntir, ritun, málfræði og talað mál og hlustun. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og í formi innlagna, einstaklingsvinnu, samvinnu og stöðvavinnu.

Í stærðfræði fá nemendur áætlun í tengslum við innlagnir í hverri viku. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða í hópum þegar við á og lögð er áhersla á að nemendur geti unnið saman og á jafnréttisgrundvelli.

Fjölbreyttir kennsluhættir eru hafðir að leiðarljósi og má sem dæmi nefna útikennslu, stærðfræðileiki, stærðfræðiverkefni í tölvum og stöðvavinnu þar sem komið er til móts við nemendur með þrepaskiptum verkefnum. Nemendur kljást einnig við ýmis rannsóknarverkefni, mælingar

hvers konar, tölfræði og hnit. Einnig geta nemendur fengið svokallaða áskorun í lok hvers námsþáttar, eða val um þrepaskipt verkefni á stöðvum. Stærðfræði fléttast inn í aðrar námsgreinar, svo sem þema og í tengslum við daglegt líf.

Samfélags- og náttúrufræði er kennd í mislögum þemum. Samvinna er við list og verkgreinakennara í þemum.

Markvisst er unnið að því að efla sjálfstæði nemenda og auka virkni þeirra í námi.

Nemendum er mætt eftir getu og fá þeir námsefni við hæfi. Æskilegt er að nemandi ljúki námsmarkmiðum síns árgangs.

Þemu í 4. bekk

- Jólaguðspjallið
- Plánetur
- Saga mannkyns
- Tæknin
- Umhverfi og ábyrgð

